



326. Stjórnarfundur haldinn 28. janúar 2009 kl:17:05

Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf. Bréf frá UMFÍ v/ ungmennaráðstefnu 4. og 5. mars á Akureyri undir skriftin „*Ungt fólk og lýðræði*“. *Senda áfram á deildir félagsins.*

Bréf stuðningsmannafélagi Keflavíkur á Spáni. *Ljósrita og setja i hólf deilda.*

3. Send bréf.

Umsókn send í fræðslusjóð UMFÍ fyrir Gunnlaug Kárasón v/ þjálfanámskeiðs KSÍ í Englandi.

4. Aðalfundur félagsins.

Farið yfir dagskrá aðalfundar sem haldinn verður fimmtudaginn 26. febrúar 2009 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 kl. 20:00. Hugmyndir ræddar um viðurkenningar og Starfsbikar félagsins. *EH falið að halda áfram að undirbúningi aðalfundar.*

5. Nýtt félagsheimili Sunnubraut.

EH skýrði frá ýmsu smávægilegum breytingum á búnaði og fyrirkomulagi tækjabúnaðar í aðstöðunni. Fundargerð lá frammi af fundi sem EH átti með Hafsteini Ingibergssyni forstöðumanni Sunnubrautar og Óla Magnússyni eftirlitsaðila. Ákveðið að skipa byggingarnefnd þar sem aðalstjórn tilnefnir að minnstakosti tvo fulltrúa og deildir einn. *EH falið að fá tilnefningar frá deildum.*

6. Hvatagreiðslur.

EH sat fund með fulltrúum RNB og aðilum sem sjá um vefumsjón fyrir mitt Reykjanes. Boðað verður fljótlega til framhaldsfundar með gjaldkerum deilda og félaga af hálfu bæjarins.

7. Önnur mál.

EH greindi frá aðila úr knattspyrnudeild sem hefur mikinn áhuga um uppbyggingu á knattspyrnusvæðinu við Hringbraut.

EH lagði til að aðalstjórn greiddi þann kostnað sem verður vegna félagsmálanámskeiðs sem fram fer í byrjun febrúar með yfirskriftinni „*Sýndu í hvað þér býr*“ Stjórnarfolk innan deilda Keflavíkur hvatt til að mæta á námskeiðið.

Næsti fundur 11. febrúar 2009.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45
Fundinn ritaði SG

